

Þriðjudaginn 19. desember 1989.

Nr. 486/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Hallsteini Sigurjóni Gestssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1989. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Varnaraðili var handtekinn kl. 20.15 fimmtudaginn 14. desember sl., en var leiddur fyrir dómara kl. 20.50 föstudaginn 15. desember. Ekki hefur verið gefin skýring á þessum drætti, sem þykir óhæfilega langur og aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. desember 1989.

Ár 1989, föstudag 15. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík gaf í gær sérstakar gætur Hringbraut 99 hér í borg vegna grunsemda um, að þar færu fram fíkniefnaviðskipti. Einn þeirra, sem hvarf úr nefndum húsakynnum eftir skamma viðdvöl, reyndist Hallsteinn Sigurjón Gestsson, kt. 011258-7869, og var hann af lögreglu stöðv-

aður í akstri á mótum Hringbrautar og Sóleyjargötu hér í borg og reyndist þá hafa í sínum fórum um 1 g af ætluðum hassefnum. Kannaðist hann við að eiga þessi efni, en neitaði að upplýsa, hvaðan fengin væru.

Á lögreglustöð tilgreindi Hallsteinn þessi sem lögheimili og dvalarstað Greniteig 22 í Keflavík. Lögreglan í Keflavík upplýsti hins vegar, að raunverulegur dvalarstaður Hallsteins þessa væri að Melteigi 20 í Keflavík.

Var þá með dómsúrskurði og að kröfu lögreglu heimiluð leit á síðastnefndum stað, og fannst þar í útigeymslu og nánar í upp hengdum þakrennum filmuhylki og glerflaska með samtals 72 g af hassefnum, vegnum án umbúða, einnig í setkrók við hlið stofu vindlahylki með ætluðum hassleifum, vasahnífur með sams konar efnisleifum og 250 g af mjólkursykri, sem að sögn lögreglu er algengt íblöndunarefni fíkniefna. Loks fannst í fyrrnefndri geymslu rifinn plastpoki með ætluðum hassleifum.

Fyrr í dag héldu lögreglumenn á ofangreindan handtökustað á mótum Hringbrautar og Sóleyjargötu og fundu þar tæp 50 g af ætluðum hassefnum, vafin í plast. Fram er tekið, að umbúðirnar hafi verið hreinar, en efnin að mati lögreglu mjög lík að sjá þeim, er samkvæmt ofanskráðu fundust að Melteigi 20. Telja lögregluyfirvöld sterkar líkur benda til, að nefndur Hallsteinn hafi rétt fyrir handtöku fleygt frá sér þessum efnum, og gera á þeim grundvelli svo og með vísan til annars ofanritaðs kröfu til, að Hallsteinn Sigurjón Gestsson verði með dómsúrskurði og á grundvelli 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 23. þessa mánaðar.

Samkvæmt gögnum hér við embætti hefur nefndur Hallsteinn samtals sjö sinnum tímabilið 23.4. 1976 til 5.4. sl. orðið uppvís að fíkniefnamisferli og hlotið refsingar fyrir.

Hallsteinn þessi kannaðist hér fyrir dómi og fyrir stundu við að hafa átt þau hassefni, er fundust í fórum hans við handtöku í gærkveldi, einnig þau efni, sem samkvæmt ofanskráðu fundust að Melteigi 20, Keflavík, svo og reykþípu, sem þar fannst með ætluðum hassleifum. Kærði taldi sig hafa þegið þessi efni að gjöf frá ónefndum útlendingi fyrir mörgum mánuðum og prófað að nota af, en ekki líkað, reyndar ekki telja vist, að þetta væru í raun hassefni. Kærði neitaði að hafa rétt fyrir handtöku haft í fórum sínum fíkniefni utan þau, sem að ofan greinir, og mótmælti gæsluvarðhaldskröfu. Réttargæslumaður áréttaði þau mótmæli og kvaðst ekki telja umfang brots slíkt, að þörf væri þess rannsóknarræðis.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986, en kærði grunaður um að hafa með ofangreindum hætti haft í vörslum sínum liðlega 120 g af hassefnum rétt fyrir handtöku í gærkveldi.

Telja verður rannsókn á frumstigi og nauðsyn til bera að yfirheyra kærða nánar, án þess að hann eigi þess kost með óskertu frelsi að torvelda rannsókn.

Fyrrgreindar sakir myndu, ef sannaðar teldust, geta varðað kærða fangelsisrefsingu. Þykir því 65. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi. Þykir því rétt í þágu rannsóknarhagsmuna að verða við fram komnum kröfum lögregluþyrvalda í Reykjavík, en jafnframt að stytta tímalengd sem fært þykir.

Samkvæmt því ákveðst, að Hallsteinn Sigurjón Gestsson skuli sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudaginn 21. desember 1989.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hallsteinn Sigurjón Gestsson, kt. 011258-7869, skal sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 fimmtudaginn 21. desember 1989.
